



Alþingi
Erindi nr. P 127/450
komudagur 10.12.2001

10. desember 2001

Umsögn meiri hluta allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember sl., fjallað um 7. og 8. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál.

Nefndin fékk á sinn fund Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Guðmund Rafn Sigurðsson, Ragnhildi Benediksdóttur, Guðmund Þór Guðmundsson og Sigríði Dögg Geirsdóttur frá biskupsstofu og Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugarðasambandi Íslands, Bjarna Grímsson frá Samtökum sóknarnefnda, Jóhann Björnsson frá kirkjuþingi, Gunnlaug Jónsson frá Háskóla Íslands, sr. Hjört Magna Jóhannsson frá Frikirkjunni í Reykjavík og sr. A. George frá kaþólsku kirkjunni.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að áliti meiri hlutans standa Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Jónína Bjartmarz.

Með 7. gr., um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingu, er lagt til að framlag ríkissjóðs vegna sóknargjalda verði óbreytt frá árinu 2001.

Með 8. gr., um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu, er lagt til að framlag ríkissjóðs fyrir hvern einstakling vegna kirkjugarðgjalda verði óbreytt frá árinu 2001.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að breytingarnar muni hafa meiri áhrif á trúfélög utan þjóðkirkjunnar en telur þó að þær séu nauðsynlegar til að áform og markmið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 nái fram að ganga. Meiri hlutinn mælir því með **samþykkt** frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. formanns allsherjarnefndar,

Hildur Njarðvík, nefndaritari.

ALLSHERJARNEFND